

## Dagbókarvinna:

### Hvernig virkar dagbókarvinnan sem námsmatsaðferð?

1. Við fylgjumst með þróun tungumálakunnáttunnar.
2. Við skyggnumst inn í heim barnsins innan sem utan skólans. Þannig fáum við tækifæri til að fylgjast með því hvort barnið er farið að hafa einhver samskipti við íslenska jafnaldra eða Íslendinga yfirleitt, eða hvort það er farið að nota íslenskuna fyrir utan skólann; og framvinduna í því.
3. Dagbókin gefur til kynna hvernig nemandinn verður smám saman sjálfbjarga í daglegu lífi. Fer nemandinn einn í strætó? Fer nemandinn út í búð? Þarf hann að tjá sig í búðinni og er hann þá fær um það? Fer nemandinn í banka, hárgreiðslustofu o.s.frv.
4. Dagbókin endurspeglar kennsluna og því ágætt tæki fyrir kennarann að fylgjast með því hvernig hún er að skila sér, hvort einhverra breytinga er þörf.
5. Nemandinn getur fengið fyrirmæli um það að geta þess í dagbókinni hvernig tímarnir með bekknum ganga. Í upphafi þarf lítið annað en skeifu á munn til að vanlíðan komi fram. Þetta getur síðan þróast í það að nemandinn tjáir sig um það hvort hann hafi skilið allt, mikið, lítið eða ekkert af því sem fram fór. Hann getur líka fengið fyrirmæli um það að geta þess í dagbókinni hvernig honum leið í tímanum.
6. Í móttökudeildum er mikill erill. Nemendur eru að koma og fara; ekki aðeins að ný börn séu að koma í skólann allan veturinn heldur líka eru nemendur að sækja ýmsar greinar með íslenska bekknum sínum. Þetta gerir starf kennara í móttökudeild afar erfitt. Þess vegna er svo mikilvægt að námsefnið spanni allt sem kennarinn þarf að hafa í huga í kennslunni og svo í námsmatinu. Þess vegna er nauðsynlegt að reyna að koma t.d. hluta af námsmati fyrir í dagbókarvinnunni. Aðrir þættir námsmats geta verið reglulegar kannanir úr því sem verið er að kenna

hverju sinni og svo próf í íslensku sem íslensk börn taka, þannig að erlendi nemandinn, kennarinn og foreldrar geti vitað nokkurn veginn hvar barnið stendur miðað við íslenska skólakerfið. Umsjónarkennari þarf líka að koma til móttökudeildarkennara sýnishornum af vinnu nemandans í bekknum þannig að allar upplýsingar um hann, allt námsmat sé á einum stað og geti svo fylgt honum áfram.

7. Kennari getur í dagbókinni skrifað spurningar sem leiða til sjálfsmats. Dæmi um spurningar: Nú get ég talað íslensku í strætó. (má ég fá skiptimiða), í búðinni (ég ætla að fá eina pylsu með öllu), á hárgreiðslustofunni (bara særa aðeins) o.s.frv. - Hvað þarf ég að læra meira til að geta skrifað eins og hún Sharia? Þá hefur barnið sem fyrirmynd dagbók eins barnsins í móttökudeild sem er komið lengra í dagbókarferlinu.